



## Öruggt líf án ofbeldis og slysa

1. Stefna sveitarfélagsins endurspeglar mikilvægi öryggis og þess að allir íbúar geti lifað án ofbeldis og slysa.
2. Félagspjónusta.
3. Skólaumhverfið og frístundastarf á vegum sveitarfélagsins.
4. Íþrótt- og æskulýðsstarf og listkennsla í sveitarfélaginu.
5. Vinnustaðir.
6. Eldri borgarar.

Öruggt líf án ofbeldis og slysa	Núverandi staða				
	1	2	3	4	5
<b>Viðmið 1 - Stefna sveitarfélagsins endurspeglar mikilvægi öryggis og þess að allir íbúar geti lifað án ofbeldis og slysa.</b>					
<b>1.1. Unnið er eftir markvissri, þverfaglegri og þverstofnanalegri áætlun til að vinna bug á ofbeldi í sveitarfélaginu, þar með talið mansali og vændi.</b>					
<b>1.2. Ofbeldis- og slysaforvarnir sveitarfélagsins eru byggðar á vísindalegum grunni og þekkingu og sveitarfélagið styrkir aðeins forvarnarstarf sem styðst við slíkar aðferðir.</b>					
<b>1.3. Verklagsreglur og viðbragðsáætlanir sveitarfélagsins og allra starfsstöðva þess innihalda upplýsingar um viðbrögð við ofbeldi og áreitni af hverju tagi hvort sem starfsfólk eða þjónustu þegar eiga í hlut.</b>					
<b>1.4. Sveitarfélagið metur stefnur og aðgerðir m.t.t. áhrifa þeirra á öryggi íbúa, þar með talið bæði ofbeldis- og slyshættu.</b>					
<b>1.5. Teknar eru reglulega saman upplýsingar um öryggi íbúa og upplifað öryggi þeirra í sveitarfélaginu.</b> Ítartexti: Hér er átt við t.d. tölfraði um slys og ofbeldi og kannanir á upplifun íbúa um öryggi.					
<b>1.6. Við skipulag byggðar er tekið mið af áhrifum á öryggi íbúa.</b> Ítartexti: Þess er t.d. gætt að lýsing sé viðeigandi, hollur og misfellur lagfærðar og að auðvelt sé að halda götum og stígum hreinum með tilliti til slysavarna.					
<b>1.7. Sveitarfélagið er með viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara og annarra samfélagsáfalla (almannavarnir).</b>					
<b>1.8. Sveitarfélagið fylgir eftir öryggisreglugerð um há mannvirki, vélar og aðra staði með tilliti til sjálfsvígsforvarna.</b>					

1.9. Sveitarfélagið ræður ekki til starfa, til að vinna með þjónustuþegum, einstaklinga sem hafa hlotið dóm skv. XXII. kafla hegningarlaga (kynferðisbrot).					
1.10. Sveitarfélagið er með verklagsreglur um hvernig tilkynnt er til barnaverndar á starfsstöðum þess.					
1.11. Starfsemi dagforeldra sem eru með samning við sveitarfélagið lýtur reglulegu eftirliti til að tryggja aðbúnað og öryggi.					
<b>Viðmið 2 - Félagsþjónusta</b>					
2.1. Allir sem starfa með börnum og fötluðu fólki á vegum sveitarfélagsins fá þjálfun og fræðslu um einkenni ofbeldis og vanrækslu, áhættu- og verndandi þætti og eftir því sem við á um félags- og tilfinningaþroska þeirra.					
2.2. Sveitarfélagið tryggir að fatlað fólk, s.s. fólk með þroskahömlun, fái fræðslu um réttindi sín með áherslu á öryggi.					
2.3. Sveitarfélagið vinnur að því í samstarfi við aðra (svo sem ríkið) að foreldrar fatlaðra barna og barna með hegðunar- eða geðraskanir fái sérstaka fræðslu og stuðning til að draga úr líkum á ofbeldi.					
2.4. Til staðar eru verklagsreglur sem tryggja að fólk sem vinnur með börnum er reglulega upplýst um lagalega skyldu sína varðandi tilkynningar til barnaverndar og markvisst er unnið að því að efla traust starfsfólks og almennra íbúa til barnaverndarstarfs í sveitarfélaginu.					
2.5. Á heimilum fatlaðs fólks, dagvistunum, vernduðum vinnustöðum og skammtíma vinnustöðum eru skýrar verklagsreglur til að fyrirbyggja ofbeldi.					
2.6. Á heimilum fatlaðs fólks, dagvistunum, vernduðum vinnustöðum og skammtíma vinnustöðum eru skýrar verklagsreglur um hvernig tekið er á ofbeldismálum.					
2.7. Þolendur ofbeldis fá viðeigandi og fullnægjandi aðstoð og eftirfylgd frá félags- og heilbrigðisþjónustu. Gætt er að aðlögun úrræða fyrir þá hópa sem þurfa á því að halda, svo sem fyrir fólk með þroskahömlun og annað fatlað fólk, fólk af erlendum uppruna og hinsegin fólk.					
2.8. Gerendur ofbeldis fá viðeigandi og fullnægjandi aðstoð og eftirfylgd frá félags- og heilbrigðisþjónustu. Gætt er að aðlögun úrræða fyrir þá hópa sem þurfa á því að halda.					
2.9. Sveitarfélagið veitir fólki sem flytur frá stríðshráðum löndum sérstaka aðstoð við aðlögun og stuðning vegna þess ofbeldis sem það hefur búið við.					
2.10. Unnið er eftir verklagi þverfaglegs samstarfs milli lögreglu og barnaverndar í málefnum barna þar sem heimilisofbeldi hefur orðið vart					

<p><b>samanber verklagsreglur Ríkislögreglustjóra.</b></p> <p>Ítartexti: Nánari upplýsingar um heimilisofbeldi þ.m.t. verklagsreglur um skráningu og meðferð mála, sjá vefsíðu lögreglunnar: <a href="http://www.logreglan.is/fraedsla/ofbeldi/heimilisofbeldi">www.logreglan.is/fraedsla/ofbeldi/heimilisofbeldi</a></p>					
<b>Viðmið 3 - Skólaumhverfið og frístundastarf á vegum sveitarfélagsins</b>					
<b>3.1. Sveitarfélagið tryggir leik- og grunnskólum sínum þau aðföng, fjármagn og stuðning sem þarf til að hægt sé að uppfylla gátlista um öryggi fyrir heilsueflandi leik- og grunnskóla.</b>					
<b>3.2. Fagleg leiðsögn sálfræðings eða annarra fagaðila sem sérhæfa sig í hegðun og samskiptum barna er í boði innan veggja leik- og grunnskóla til að aðstoða við hegðunar- og samskiptaerfiðleika.</b>					
<b>3.3. Tryggt er að kennarar og starfsfólk leik- og grunnskóla í samfélaginu búi yfir þekkingu og færni til að takast á við aga-, hegðunar- og samskiptavanda meðal barna og ungmenna með jákvæðum og gagnreyndum hætti.</b>					
<b>3.4. Sveitarfélagið tryggir að skólaumhverfi allra leikskóla sé öruggt m.t.t. slyshættu, áreitni og ofbeldis.</b> Ítartexti: Hér er m.a. átt við húsnæði, lóð og búnað skóla					
<b>3.5. Sveitarfélagið tryggir að skólaumhverfi allra grunnskóla sé öruggt m.t.t. slyshættu, áreitni og ofbeldis.</b> Ítartexti: Hér er m.a. átt við húsnæði, lóð og búnað skóla.					
<b>3.6. Leiðir í skóla og tómsundur eru öruggar m.t.t. umferðar.</b> Ítartexti: Hér er átt við að búið sé að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi á þessum leiðum, eftir því sem við á t.d. með mönnum við gangbrautir, gönguljósum, undirgöngum og brúm. Einnig er gætt að því að lýsing sé viðeigandi, holur og misfellur lagfærðar og að götum og stígum sé haldið hreinum með tilliti til slysavarna. Sjá einnig gátlistann Hreyfing og útivera.					
<b>3.7. Sveitarfélagið hvetur skóla að innleiða kennsluefni til að koma í veg fyrir ofbeldi og þekkja einkenni þess og helstu afleiðingar.</b> Ítartexti: Hér geta skólar m.a. nýtt sér kennsluefnið Örugger saman, sjá <a href="#">Ofbeldis- og slysavarnir   Ísland.is (island.is)</a>					
<b>3.8. Sveitarfélagið setur reglur um hámarksfjölda barna í hóp, deild eða bekk sem tekur mið af félags- og tilfinningaþroska barna á ólíkum aldri.</b>					
<b>3.9. Sveitarfélagið styður við fræðslu um umferðaröryggi og slysavarnir í samstarfi við Samgöngustofu og skólaheilsugæslu.</b>					
<b>3.10. Sveitarfélagið fylgir því eftir að leik- grunnskólar í sveitarfélaginu hafi virka áætlun gegn áreitni og ofbeldi af öllu tagi, annað hvort sem sér áætlun eða hluta af skólanámskrá.</b>					

3.11. Sveitarfélagið tryggir að tekið sé á eineltismálum og öðrum ofbeldismálum í leik- og grunnskólum af festu og börn sem verða fyrir eða beita ofbeldi fái viðeigandi aðstoð.					
3.12. Sveitarfélagið er með verkferla sem tryggja að yfirfærsla barna úr leikskóla yfir í grunnskóla og frístund sé farsæl og hugað að öryggi þeirra. Þetta á ekki síst við þegar um er að ræða fötluð og langveik börn.					
3.13. Kennarar og aðrir sem starfa í skólum og frístund á vegum sveitarfélaga eru fræddir um tilkynningarskyldu til barnaverndar og verklagsreglur er það varða á 2 ára fresti.					
<b>Viðmið 4 - Íprótta- og æskulýðsstarf og listkennsla í sveitarfélaginu</b>					
4.1. Sveitarfélagið leggur sitt af mörkum til að fræða starfsfólk í listkennslu og í íprótta- og æskulýðsstarfi um hvernig má fyrirbyggja hvers konar áreitni og ofbeldi t.d. með sameiginlegu námskeiðahaldi. Ítartexti: Nánar um Æskulýðsvettvanginn þ.m.t. námskeið um öryggi barna: <a href="https://www.aev.is/">https://www.aev.is/</a>					
4.2. Sveitarfélagið býður íprótta- og æskulýðsfélögum og þeim sem starfa við listkennslu barna aðstoð í formi fagþekkingar, við gerð jafnréttisáætlunar, siðareglna og viðbragðsáætlunar.					
4.3. Þjálfarar og leiðbeinendur í ípróttastarfi í sveitarfélaginu hafa sótt viðeigandi þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ. Ítartexti: Um þjálfaramenntun ÍSÍ, sjá <a href="http://isi.is/fraedsla/thjalfaramenntun-isi">isi.is/fraedsla/thjalfaramenntun-isi</a>					
4.4. Sveitarfélagið gerir þær kröfur til íprótta-, æskulýðs- og listastarfssemi sem það styrkir að aðilar séu með virkar siðareglur, jafnréttisáætlanir, aðgerðaráætlanir vegna eineltis og verklagsreglur vegna áreitni og ofbeldis af öllu tagi.					
4.5. Sveitarfélagið leggur sitt af mörkum til að viðbrögð við eineltis- og ofbeldismálum í íprótta- lista- og æskulýðsstarfi séu eins fagleg og kostur er m.a. með því greiða fyrir aðgengi að sérfræðiaðstoð.					
4.6. Kennarar, leiðbeinendur og þjálfarar í íprótta-, lista- og æskulýðsstarfi eru fræddir um tilkynningarskyldu til Barnaverndar og verklagsreglur er það varða á 2 ára fresti.					
<b>Viðmið 5 - Vinnustaðir</b>					
5.1. Vinnustaðir á vegum sveitarfélagsins gera reglulega áhættumat skv. leiðbeiningum Vinnueftirlitsins. Ítartexti: Um áhættumat á vef Vinnueftirlitsins: <a href="http://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/ahaettumat">www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/ahaettumat</a> . Lög um aðbúnað, hollustuhætti					

og öryggi á vinnustöðum, 1980 nr 46, kafli; XI: <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1980046.html">www.althingi.is/lagas/nuna/1980046.html</a>					
<b>5.2. Sveitarfélagið og vinnustaðir á þess vegum gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði sbr. ákvæði viðeigandi laga og reglugerða þar um.</b> Ítartexti: Sjá m.a. 11. kafli laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og einnig reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.					
<b>5.3. Sveitarfélagið og vinnustaðir á þess vegum eru með virka jafnréttisáætlun í samræmi við ákvæða laga þar um og unnið er að góðri vinnustaðameningu þar sem ofbeldi og einelti þrífst ekki.</b> Ítartexti: Sjá m.a. Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html">www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html</a>					
<b>Viðmið 6 - Eldri borgarar</b>					
<b>6.1. Allt starfsfólk dvalarheimila, félagsmiðstöðva, í heimaþjónustu og í annarri þjónustu við eldri borgara fær kennslu um einkenni hvers kyns ofbeldis og vanrækslu meðal eldra fólks.</b>					
<b>6.2. Á dvalarheimilum, í heimaþjónustu og annarri þjónustu sveitarfélagsins við eldri borgara eru skýrar verklagsreglur til að fyrirbyggja ofbeldi.</b> Ítartexti: Hér er t.d átt við andlegt, líkamlegt, félagslegt eða fjárhagslegt ofbeldi.					
<b>6.3. Byltuvarnir aldraðra eru skv. klínískum leiðbeiningum þess efnis.</b> Ítartexti: Nýta má klínískar leiðbeiningar um byltuvarnir í þjónustu sveitarfélaga, sjá <a href="http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-eftirlit/heilbrigdisstarfsfolk/clininskar-leidbeiningar/leidbeiningar/item14997/Byltuvarnir---LSH">www.landlaeknir.is/gaedi-og-eftirlit/heilbrigdisstarfsfolk/clininskar-leidbeiningar/leidbeiningar/item14997/Byltuvarnir---LSH</a>					
<b>6.4. Markvisst er unnið að því að koma í veg fyrir föll og önnur slys hjá eldri borgurum í sjálfstæðri búsetu, á dvalarheimilum og í annarri þjónustu á vegum sveitarfélagsins.</b> Ítartexti: T.d. með forvörnum á heimili (öryggisúttektum), öryggi á gönguleiðum (mokstur, hálkuvarnir, viðhald á undirlagi) og skipulagðri þjálfun sem viðheldur og bætir færni og hreysti s.s. jafnvægi og vöðvastyrk.					